

Innivinna í fullum gangi



Á drónamyndinni má sjá að verið er að leggja gras á þakið. Mynd: GPP.

Vinna við nýtt hjúkrunarheimili við Árveg á Selfossi gengur vel segir Leifur Stefánsson, verkefnastjóri hjá Eykt. „Málningarvinnan er hafin innandyra, flísalagnir, hurðir og innréttingar eru komnar svo það er mikið að gerast þar. Þá er allt komið á fullt í klæðningarvinnu utanhúss,“ segir Leifur.

Lóðavinna eftir verslunarmannahelgi

Samkvæmt Leifi verður farið í lóðarvinnu eftir verslunarmannahelgi. Þá fara vinnubúðirnar af lóðinni og fá að færa sig inn á lóðina hjá Mjólkursamsölunni meðan verið er að klára. Aðspurður um að aðfanga-keðjur séu hægfara vegna Covid - 19 segir Leifur það rétt og þeir

eins og aðrir finni fyrir því að hörgull sé á efni og langan tíma taki að fá efni til landsins að utan m.a. vegna skorts á gámum og flutningsplássi í skipum. Hann segir þó að verkefnið hafi almennt gengið vel og ekkert stórt sem komið hafi upp á. Þá er áætlað að verklok séu í nóvember – desember á árinu.

-gpp



Glæsileg verslun Lindex opnar á Selfossi

Fimmtudaginn 29. júlí sl. voru dyrnar að Lindex opnaðar fyrir viðskiptavinum. Fjöldi sótti búðina strax á fyrsta degi, en mikil eftirvænting hefur verið fyrir því að fá verslunina á Selfoss, sem er sú stærsta utan höfuðborgarsvæðisins. Blaðamaður brá sér á vettvang og ræddi m.a. við Lóu Dagbjörtu Kristjánsdóttur, umboðsaðila Lindex. Verslunin sérhæfir sig í kventúskufatnaði, nærfatnaði og barnafatnaði ásamt snyrtivörum, en alls er að finna níu verslanir um land allt.

„Það er sérlega gaman að koma heim ef svo má segja og

loka hringnum sem hófst í bílskúr hér á Selfossi. Með 75 þús. kr. í startfé lögðum við af stað í ferðalag um landið og markar þetta tímamót að nú, rúmlega tíu árum seinna, skulum við vera að opna í okkar heimabæ, meðal vina og ættingja. Sagt er að hver vegur að heiman sé vegurinn heim og við gætum ekki verið glaðari með að geta fagnað með fólkinu okkar á þessari hátíðarstundu en segja má að Lindex sé nú loks komið heim,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex.

-gpp

Kjötþúrið á Austurvegi opnað við góðar undirtektir

Fannar Geir og Alma Svanhild hafa opnað glæsilega verslun sem heitir Kjötþúrið við Austurveg 65 á Selfossi. „Þetta er kjöt- og sælkeraverslun. Svo verðum við með veislupjónustu að auki og tökum að okkur allar tegundir af veislum,“ segja Fannar og Alma. Í versluninni er glæsilegt úrval bæði af kjötmæti og meðlæti. Þá er hægt að fá sósus með grillinu í úrvali. „Þú getur komið hér til okkar og keypt þér bæði marinerað eða

ómarinerað kjöt t.d. lamb, naut eða grís. Þá er hægt að kaupa hjá okkur heimagerðar súpur, sósus og meðlæti,“ segir Fannar. Alma tekur undir og nefnir að sem dæmi megi fá fyllta sveppi og fleira góðgæti til að hafa með matnum.

Árstíðabundið úrval hverju sinni Eins og kjötborðið er hlaðið nú er ljóst að sunnlenskir grillmeistarar finni eitthvað við sitt hæfi. En Fannar og

Alma segjast munu verða með árstíðabundið úrval. „Á sumrin stílum við meira inn á grillmarkaðinn. Á veturna munum við vera með t.d. lasagna, kjötbollur og ýmsa aðra spennandi rétti,“ segir Alma. Aðspurð um úrvalið segir Fannar: „Það verður hægt að kaupa allt frá hamborgurum upp í finar sashi steikur. Þá verða á boðstólum ýmsir réttir sem einfalt verður að grípa með og elda í miðri viku.“

-gpp



Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

50 - 70% AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM

GERÐU FRÁBÆR KAUP

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyrangei 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Suðurlandsdjazzinn dunar

Suðurlandsdjazzinn heldur áfram um komandi helgi í Tryggvaskála og Skyrgerðinni. Tónleikar hefjast eins og áður kl. 15:00 og er frítt á viðburðina. Þeir eru styrktir af Sass.

Tónleikarnir hafa verið einstaklega vel sóttir og vonumst við eftir góðu veðri næstu helgi.

Á laugardaginn 7. ágúst í Tryggvaskála kemur fram engin önnur en Unnur Birna Bassa-dóttir en með henni leika Vignir Þór Stefánsson á píanó og Sigur-geir Skafti Flosason á bassa.

Sunnudaginn þann 8. ágúst í Skyrgerðinni kemur fram trió Leifs Gunnarssonar sem sérhæfir sig í sígaunadjazzi. Með honum leika á gítar, Gunnar Hilm-

arsson og Jóhann Guðmundsson. Hlökkum til að sjá ykkur á Suðurlandsdjazzinum út ágúst. Menningarfélag Suðurlands.



Fjöldi fólks heimsótti Bláskógabyggð um helgina

Það iðaði allt af lífi og gleði í Bláskógabyggð um helgina en fjöldi fólks lagði leið sína

þangað á einni stærstu ferðahelgi ársins. Umferðin gekk vel fyrir sig og langflestir gestir fóru

í einu og öllu að þeim sóttvarnareglum sem í gildi eru.



Tjaldstæðið í Reykholti tók vel á móti öllum þeim sem þangað lögðu leið sína nú sem endranær. Steinunn Bjarnadóttir umsýsnarmaður tjaldsvæðisins stóð vaktina við hliðið en vel var staðið að öllum sóttvörnum.



Gríðarlegur fjólsfjöldi heimsótti Geysissvæðið um helgina, veðrið og umhverfið skartaði sínu fegursta.



Tjaldsvæðið á Skjólí var þéttskipað um helgina, gestir voru bæði innlendir sem og erlendir.



Kristinn Bjarnason, kaupmaður í Bjarnabúð, hafði í nógu að snúast alla Verslunarmannahelgina. Á tímabili þurfti að hleypa inn í búðina í hollum, slík var örtröðin. Þeir voru ófáir isarnir sem Kristinn þurfti að afgreiða um helgina til ísþyrstra viðskiptavina.

Nýtt Nýtt Nýtt Nýtt

Pitayaskál



Pitaya bomba

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, banani, saxaðar döðlur, kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero karmellusósa

1.790 kr.



Pitaya kiwi

Grunnur: Jarðaber, bláber, kiwi, hnetusmjör, karmellu, kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero súkkulaðisósa

1.790 kr.



Pitaya zero

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, hnetusmjör, karmellu kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero súkkulaðisósa

1.790 kr.



Barnaskál

Grunnur: Jarðaber, bláber, banani, zero súkkulaðisósa

990 kr.



Pitaya banana

Grunnur: jarðaber, bláber, banani, hnetusmjör, súkkulaði dropar, hunang, hafrarjómi, zero karmellusósa

1.790 kr.

Aðeins á
Selfossi

Skalli

Sá svalasti í bænum

Aðeins á
Selfossi

Takk fyrir að velja Ísland!

Árið 1946 ákvað 24 ára Dani að fara með vini sínum að leita nýrrar framtíðar í vesturheimi. Á leið sinni vestur um haf stoppuðu þeir á Íslandi til að vinna sér inn aur til ferðalagsins og enduðu í vinnu austur á Kirkjubæjarklaustri. Vinurinn hélt för sinni áfram einhverju síðar, en ungi Daninn fór ekki lengra. Ein af heimasætunum í Mörtungu, hún Ólöf, fangaði hjarta hans og Ísland varð hans nýja heimaland.

Hver var hann?

Þessi ungi Dani var afi minn, Johan J. Wolfram. Hann var eldklár þúsundþjalasmiður sem allt vélakyns lék í höndunum á. Hann elskaði að þæla í tölum og útreikningum og orkuframleiðsla var honum ofarlega í sinni. Hann kom meðal annars að smíði heimarafstöðvar í Mörtungu og ófá tækin smíðaði hann efflaust yfir áratugina sem hann dvaldi sumarlangt á Skeiðarársandi með ævintýramönnunum Bergi Lárussyni frá Klaustri, Kristni í Björgun og fleiri félögum að leita að gullskipinu Het Wapen van Amsterdam! Jói

Þórunn Wolfram

Gömlu Borg í Grímsnesi og skipar 2. sæti á lista Viðreisnar í Suðurkjördæmi



danski var hann kallaður á sandinum.

Afi var meðalmaður á hæð, grannvaxinn með dökkt og þykkt hár og dökkar augabrúnir. Hárið var enn dökksprengrt og augabrúninar fullar af lit þegar hann lést, 96 ára gamall. Kímnisblik í auga og svarta alpa-húfan, aðeins út á hlið, ásamt dönsku íslenskunni sem var ekki á allra færi að skilja, voru hans aðalsmerki. Ég fullyrði að íslenskt samfélag græddi mikið á að afi ákvað að setjast hér að – og fékk tækifæri til þess.

Fjölbreyttara og öflugra samfélag

Það sama gildir um aðra erlenda ríkisborgara sem í gegnum áratugina hafa sest að á Ís-

landi. Án þeirra væri ekki sama virkni í hagkerfinu, ferðþjónustan gengi til að mynda ekki upp og mörg önnur störf væru ómönnuð. Velsældin væri minni hér, menningin væri fátækari, matarvenjur landans fábreyttari, já og DNA-ið okkar mun einsleitara.

Við í Suðurkjördæmi erum sérstaklega rík af alþjóðlegum fjölbreytileika. Sem dæmi má nefna að 1. des sl. voru 23,4% íbúa Suðurnesja og 14,5% íbúa Suðurlands með erlent ríkisfang. Tæplega 50% íbúa Mýrdalshrepps voru af erlendu bergi brotin og ríflega 30% íbúa Skaftárhrepps. Það er mikið ríkidæmi og skiptir kjördæmið afar miklu máli hvað varðar framtíðaruppbyggingu nýrra tækifæra innan þess.

Við eigum að taka nýjum íbúum landsins opnum örmum og við þurfum að gera eins vel og hægt er fyrir fólk sem vill setjast hér að og byggja og auðga íslenskt samfélag til framtíðar. Fólk er fólk, alveg sama hvar það fæðist inn í þennan heim og aukinn fjölbreytileiki gerir okkur bara öflugri.

Breytingar!

Það eru mikilvægar kosningar framundan með stórum áskorunum sem ný ríkisstjórn þarf að hafa kjark og pólitískt þrek til að ráðast í.

Við þurfum að byggja upp eftir heimsfaraldur og takast um leið á við loftlagsvá af mannavöldum, breytta aldursmásetningu þjóðarinnar og sjálfvirknivæðingu sem hefur áhrif á störf og starfsskilyrði.

Tæknibyltingin með aukinni sjálfvirkni opnar á fjölmörg tækifæri. Sama gildir um tæknibyltinguna og aðgerðir í loftlagsmálum. Það verður að koma í veg fyrir að þróunin auki ójöfnuð. Hún þarf þvert á móti að auka jöfnuð.

Við jafnaðarmenn óttumst ekki nýja tækni. En við óttumst hins vegar að þrátt fyrir hana fái hið gamla og úrelta að ráða sem eykur ójöfnuð og frestar nauðsynlegum aðgerðum. Með jafnaðarstefnunni náum við þeirri efnahagslegu og samfélagslegu endurnýjun sem við þurfum svo sárlega á að halda.

Leiðarljósið á að vera öflug

heilbrigðis- og velferðarþjónusta fyrir alla, jafnrétti til náms og heilbrigður vinnumarkaður sem stendur vörð um réttindi launamanna ásamt efnahagsstjórn sem gerir þetta mögulegt. Það verður ævinlega að taka almannahagsmuni fram fyrir sérhagsmuni og þjóðin á að fá fullt verð fyrir auðlindirnar. Við megum aldrei þola ranglæti og spillingu.

Byggjum upp

Í uppbyggingunni sem framundan er þarf að vinna gegn atvinnuleysinu kröftuglega af hugkvæmni og dirfsku, renna fleiri stoðum undir atvinnulífið, verja velferðina, mæta tekjufalli fólks sem missir vinnuna og veita ungu fólki tækifæri til að nýta menntun sína hér á landi.

Um þessar mundir sópast æ fleiri og verðmætari eignir á hendur fárra. Við því verður að bregðast. Aðgerðir okkar verða að vinna gegn ójöfnuði, skapa fleiri störf, fjárfesta í innviðum, hlúa að barnafjölskyldum og byggja upp eðlilegan húsnaðismarkað. Fjárfestingar í umönnun og velferð, svo sem öldrunarþjónustu, heilbrigðisferfi og skólum, eru ekki síður ábatasamar fjárfestingar en t.d. í opinberum framkvæmdum eða í byggingariðnaði.

Kjör eldra fólks og öryrkja

Ójöfnuður vex ekki aðeins vegna atvinnuleysis og auðsöfnunar fárra heldur einnig vegna

Oddný G. Harðardóttir

Þingmaður og oddviti Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi



þess að ellilífeyrir og örorkulífeyrir hækka ekki í takti við lægstu laun. Á undanförunum árum hefur munurinn aukist og honum verður að eyða með því að hækka elli- og örorkulífeyri. Í fyrsta skrefi ætti í það minnsta að hækka grunninn um krónutöluhækkunar lífsskjarasamninganna. Draga þarf einnig verulega úr skerðingum í kerfinu sem halda fjölmönnum hópum í fátæktargildru.

Ástandið á húsnaðismarkaði kallar á önnur búsetuúrræði og nýja sýn stjórnvalda. Sjálfstæð búseta á eigin heimili til æviloka ætti að vera höfuðmarkmið með fjölbreyttum valkostum. Einstaklingsbundin þjónusta á eigin heimili þarf að vera möguleg. Endurskoða verður fjármögnun stofnanavistunar og greiðsluþátttöku og sjá til þess að fjárhagslegt sjálfræði og sjálfstæði einstaklinga liggi fyrir. Virðing verði borin fyrir lífi fólks og frelsi.

Það þarf kjark, áræði og skýra sýn jafnaðarmanna til að byggja upp og bæta líf fólksins í landinu. Kjósum Samfylkinguna!



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Ágústa Sigurbjörnsdóttir.

Á sólardegi er gott að borða eitthvað létt, auðmelt, fljótlegt og sóðar ekki allt eldhúsið út. Þetta er líka fullkomin útilegumatur. Uppskrftin er fyrir 2-3.

Grilluð, úrbeinuð og skinnlaus kjúklingalæri með vatnsmelónusalati.

Melónusalat

½ vatnsmelóna
½ agúrka
6-10 blöð fersk mynta
1 msk. fljótandi sæta

Skerið melónuna í litla bita. Gúrkuna langsum og skafið miðjuna úr. Skerið svo í þunnar sneiðar. Saxið myntuna niður og stráðið yfir. Allt sett í skál og hrært vel saman. Látið standa í kæli í 30 mín.

Kjúklingurinn

1 bakki úrbeinuð og skinnlaus kjúklingalæri



1 kúfuð msk. sætt paprikukrydd
1 kúfuð msk. kóríanderfræ
1 kúfuð tsk. cumin (Broddkúmen)
½ msk. Maldonsalt allt malað í mortéli
1 tsk. uppáhaldshotsósan ykkar (sleppa eða meira ef vill)
1 msk. olía



Setjið kjúklinginn, olúna og allt kryddið í skál. Hrærið öllu saman og látið standa á meðan melónusalatið er útbúið. Grillað í 20-25 mín. eða þar til eldað í gegn. Með þessu er gott að drekka ískalt vatn með melónubitum í eða gott hvítvín, svo endilega nota tækifærið og útbúa Mojito í fordrykk þegar myntan er til. Ég skora svo á Gretu Sverrisdóttur móttöku-stjóra með meiru að bjóða upp á eitthvað gómsætt.

AGS

Skorað er á Dagrúna Másdóttur sem næsta matgæðing

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Gáta vikunnar

Vísnaðgáta-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókauðgáfan SKRUDDA

Við mig tengd er veðurspá. Vær er hvíld í minni dög. Ég rek hjúin að og frá. Ég gef mat og drykkjartögg.



Svar við gátu í blaði 2608: **VÖRDUR**

1. Næturvörður - 2. Hús/safnvörður - 3. Dyravörður - 4. Markvörður



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 8.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

*samkvæmt Gallup-könnun okt. - nóv. 2018

lindex.is

Höfum opnað á Selfossi

LINDEX

Ölfus vill tilraunastöðina á Keldum í sveitarfélagið

Á fundi bæjarráðs þann 15. júlí sl. ræddi bæjarráð óvissu með framtíð tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum sem starfrækt hefur verið á Keldum í um 70 ár. „Tilraunastöðin sinnir meðal annars rannsóknum, þjónustu og vöktun á dýrasjúkdómum og þjónustu við landbúnað og fiskeldi. Starfsemin er nú í uppnámi þar sem ríkið hefur samþykkt að færa eignarhald á landi Keldna

undir félagið „Betri samgöngur“ til að fjármagna borgarlínu,“ segir í fundargerðinni. Þá samþykkir bæjarráð samhljóða að fela bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við menntamálaráðherra um að tafarlaust verði hafist handa við að finna stofnuninni heppilega lóð í Sveitarfélaginu Ölfusi með það að leiðarljósi að stofnunin flytji alla sína starfsemi þangað á næstu þremur árum. -gpp



Lausar kennarastöður við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

- Tímabundnar stöður í kennslu á unglingastigi
- Staða forfallakennara á yngra- og unglingastigi
- Staða textílmenntakennara

Nánari upplýsingar á ráðningarvef sveitarfélagsins Árborgar www.arborg.is.

Auglýsing um skipulagsmál frá Sveitarfélaginu Ölfusi



ÖLFUS

Bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti á 354. fundi sínum skipulagslýsingu fyrir Laxabraut 11 til auglýsingar í samræmi við 1. og 2. málsgrein 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Á lóðinni er fyrirhugað eldi seiða og mögulega þauleldi á laxi eða öðrum fisktegundum. Eldið er stækkan á núverandi eldi á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9. Hugmyndin er að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennslislagna, ásamt lagningu vegaslóða, vinnuplana, borhola og bílastæða.

Skipulagslýsingin verður til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss frá 5. ágúst til 2. september 2021. Frestur til að gera athugasemdir er frá 5. ágúst til 2. september 2021. Athugasemdir sendist í tölvupósti á netfangið@olfus.is eða skriflega á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

Austasti kaflinn tekinn í notkun í haust



Mynd: GPP

Framkvæmdir við 2. áfanga Hringvegur (1) milli Hveragerðis og Selfoss eru á áætlun. Brúarsmíði er í fullum gangi en þrjár brýr, tvenn undirgöng og tvenn reiðgöng eru hluti verkefins. Vinnu við nýlagnir veitufyrirtækja er að ljúka og næsta skref er að byggja upp Ölfusveg svo beina megi umferð um hann meðan Hringvegur er byggður upp, en austasti hluti hans við Selfoss verður tekinn í notkun í haust.

Verkið heitir Hringvegur (1) Biskupstungnabraut – Gljúfurholtsá. Útboðskaflinn liggur um land sveitarfélaganna Árborgar og Ölfuss og skiptist í Hringveg (um 7,2 km), Ölfusveg (um 6,6 km), Þórstaðaveg (um 0,4 km) og Biskupstungnabraut (um 0,7 km). Tvö stærri vegamót eru í framkvæmdinni, hringtorg við Biskupstungnabraut og nýjan Hringveg og svo hliðfærð T-vegamót á Hringvegi við Hvammsveg eystri og Kirkjuferjuveg. Til framkvæmdanna teljast einnig bygging þriggja brúarmannvirka, tvenna undirganga og tvenna reiðganga auk breytinga á lagnakerfum veitufyrirtækja. Hringvegur verður byggður upp sem 2+2 vegur en gengið verður frá yfirborði hans sem 2+1 vegur.

ÍAV - Íslenskir aðalverktakar áttu lengsta tilboði í verkið, 5.069 m.kr. og var skrifað undir samning í apríl 2020 en framkvæmdir hófust strax að því loknu. Ágúst Jakob Ólafsson verkstjóri ÍAV segir verkið ganga mjög vel. „Fyrsti fasi verkefnisins fór í að setja farg á austasta hluta af Hringveginum sjálfum frá Ingólfsfjalli austur að Selfossi og hliðarveg, svokallaðan Ölfusveg á sama svæði, framhjá Kögunarhóli og austur með Ingólfsfjalli,“ lýsir Ágúst en laus jarðlög eru á svæðinu, sérstaklega mýrarjarðvegur sem er allt að 8 m þykkur. Fergja þarf slík svæði í ákveðinn tíma áður en hægt er að hefja eiginlega vegagerð. „Við settum um 440 þúsund rúmmetra farg á þessi tvö svæði í fyrrasumar og erum byrjaðir að

aflétta því í dag og byrjaðir að byggja vegina í sinni endanlegu mynd.“

Af þremur brúm er búið að steypa upp brú á Gljúfurholtsá um Ölfusveg og verið að byggja aðra brú yfir Gljúfurholtsá á Hringvegi. „Við erum einnig að byggja undirgöng um Kotströnd þar sem Ölfusvegur fer undir Hringveginum og búið er að gera ein reiðgöng undir Hringveginum nær Selfossi.“ Verkið er afar viðamiklað enda með stærri verkefnum sem Vegagerðin hefur boðið út. Eitt af flækjustigunum er að samþætta breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja en ÍAV sér um jarðvinnu og nýlagnir fyrir Veitur, Mílu, Gagnaveitu Reykjavíkur, Ölfus, Árborg, Árbæjarhverfi og Rarik. Ágúst segir þessa vinnu hafa gengið vel og henni sé nánast lokið. „Næstu verkefni er að byggja upp Ölfusveg til að færa umferð á hann af Hringvegi svo hægt sé að byggja upp Hringvegin. Síðan á að byggja upp austasta hluta Hringvegarins, næst Selfossi. Það eru hringtorg við Biskupstungnabraut og austasta hluta af Hringvegi,“ lýsir Ágúst en þennan hluta af Hringvegi á að taka í notkun í haust.

Óska eftir meiri tillitsemi ökumanna

Í dag starfa 44 við framkvæmdina, bæði starfsmenn ÍAV og undirverktakar sem eru um 12 talsins. Stórvirkar vinnuvélar spila stóran þátt en að sögn Ágúst eru í verkinu 5 beltagröfur, 3 jarðýtur, 2 valtarar, 3 búkollur, 5 fjögurra öxla bílar og 4 trailerar, byggingakranar og ýmislegt fleira. Starfsmenn vinna í mikilli nálægð við þunga umferð en samkvæmt umferðartölum frá 2018 var umferðin milli Hveragerðis og Selfoss um 12.700 bílar á sólarhring yfir sumartímann. „Framkvæmdirnar hafa ekki haft mikil áhrif á umferðina. Tafir eru litlar og umferðin flæðir nokkuð vel. Við erum hins vegar í smá basli með umferðarhraðann, menn sýna okkur litla tillitsemi,“ segir

Ágúst og bendir á að reynt sé að taka hraðann ekki of mikið niður til að halda umferðarflæði. „Það myndi muna miklu ef fólk færi eftir þessum vægu hraðatakmarkunum svo ekki þurfi að taka hraðann meira niður.“

Vinnusvæðamerkingar eru mikilvægur hluti af framkvæmdinni. „Það liggur mikil vinna í að viðhalda merkingum, ætli það sé ekki heilt stöðugildi sem fer í það,“ segir Ágúst og bendir á að þar sem hraðinn sé tekinn niður í 50 km/klst. sé það aðeins gert á vinnutíma. Þær merkingar séu teknar niður á kvöldin og um helgar og hækkaðar þá hraðinn í 70. Að öðru leyti hafa framkvæmdir gengið vel að sögn Ágúst. „Við höfum verið heppnir með covid, höfum ekki fengið neitt smit enda haldið okkur í hálfgerðri bólu. Við erum vel á áætlun, aðeins á undan ef eitthvað er, en verklok eru ekki fyrr en í september 2023 svo ýmislegt getur gerst.“ Segja má að orðatiltækið „fall er fararheill“ eigi ágætlega við um framkvæmdina þar sem eldhússkáli í vinnubúðum ÍAV brann til kaldra kola áður en hann var tekinn í notkun. „Það hafði þó engin áhrif á verkið sjálft og við höldum bara áfram að njóta góðrar þjónustu á Hjarðarbolli þar sem við erum í fæði. Þar er okkur ekki í kot vísað,“ segir Ágúst og er bjartsýnn á framhaldið.

Birt með góðfl. leyfi Vega-gerðarinnar

Sumarsmellur ársins!
Bók fyrir forvitin grunnskólabörn



Fæst í Penninn Eymundsson



Guðbjörg Hulda Albertsdóttir



Guðjón Bjarni Hálfðánarson



Til staðar á Suðurlandi

Þú færð tryggingaráðgjöf og þjónustu
á persónulegum nótum í útibúum okkar.

Selfoss | Austurvegur 38 | 440 2470 | sudurland@sjova.is
Vestmannaeyjar | Bárustígur 15 | 440 2480 | sudurland@sjova.is
Þorlákshöfn | Hafnarberg 1 | 897 0999 | sudurland@sjova.is



Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir

Erna Karen Stefánsdóttir



Guðmundur Karl Sigurdórsson

SJÓVÁ

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Stelpurnar niður í fimmta sæti

KNATTSPYRNA Selfyssingum skrikaði fótur í Pepsi Max-deildinni seinustu viku þegar liðið lá fyrir Stjörnunni á úti-velli 2-1.

Selfoss tók forystuna eftir stundarfjórðung þegar Caity Heap smellti boltanum upp í samskeytin. Reyndist þetta eina mark fyrri hálfleiks. Stjörnukonur voru sterkar í seinni hálfleik og tókst að snúa leiknum sér í vil með tveimur mörkum.

Með sigrinum fór Stjarnan upp fyrir Selfoss í þriðja

sæti en Selfoss er með 18 stig þrótti, sem er í fjórða sæti, mánudaginn 9. ágúst kl. 19:15. Umf. Selfoss



Caity skoraði glæsilegt mark fyrir Selfyssinga.

Ljósmynd: Umf. Selfoss

Afar slæmt tap á heimavelli

KNATTSPYRNA Selfoss steinlá á heimavelli fyrir Þrótti R. þegar liðin mættust í Lengjudeildinni í seinustu viku. Lokatölur 0-3, Þrótti í vil.

Gestirnir náðu forystunni eftir rúmlega tuttugu mínútna leik og þannig stóðu leikar í hálfleik. Annað mark Þróttar kom eftir tíu mínútur í síðari hálfleik en þriðja markið kom í uppbótartíma.

Selfyssingar sitja í 10. sæti deildarinnar með tólf stig. Næsti leikur liðsins er gegn Gróttu á Seltjarnarnesi í dag, fimmtudaginn 5. ágúst, kl. 19:15. Upp með hausinn og áfram gakk.

Umf. Selfoss/ahm



Selfyssingarnir Jón Vignir Pétursson (t.v.) og Þorsteinn Daníel Þorsteinsson voru svektir með leikinn gegn Þrótti.

Ljósmynd úr safni: Fótbolti.net/Haflíði Breiðfjörð

Susanna Friedrichs í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við varnarmanninn Susanna Friedrichs og gildir samningurinn út leiktíðina 2022.

Friedrichs, sem er 23 ára, er bandarísk með þýskt vegabréf og lék með liði VCU Rams í bandaríska háskólaboltanum en eftir útskrift samdi hún við FC Slovácko í efstu deild í Tékklandi og lék þar á síðustu leiktíð.

„Þetta er leikmaður sem hefur verið að spila stöðu bakvarðar og kantmanns bæði hægra og vinstra megin og það er látið mjög vel af henni, þannig að við erum spennst að fá hana til liðs við okkur á lokasprettinum. Bergrós Ásgeirsdóttir er að fara utan að klára sitt nám núna um mánaðamótið og við þurfum að bregðast við því og bæta í hópinn,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.



Susanna samdi við Selfoss til tveggja ára. Ljósmynd: Umf. Selfoss



Brúarhlaupinu frestað

FRJÁLSAR Stjórn frjálsíþróttadeildar Ungmennafélags Selfoss hefur ákveðið að fresta Brúarhlaupi Selfoss, sem átti að fara fram laugar-daginn 7. ágúst næstkomandi.

Stefnt er að því að halda hlaupið um mánaðamótið ágúst/september.

Umf. Selfoss



Frá ræsingu Brúarhlaupsins.


Ljósmynd úr safni Umf. Selfoss

Dalastígur að Fjallabaki

Sunnlenskir göngugarpar, nú seða annað áhugafólk um náttúruna ætti ekki að láta fram hjá sér fara bókina *Dalastígur að Fjallabaki*. Dalastígur að Fjallabaki er tuttugasta og fyrsta fræðslurit FÍ. Dalastígur er fimm daga gönguleið frá Hrauneyjum að Markarfljóti á mótis við Húsadal í Þórsmörk. Dalastígur er tæplega 100 km langur og liggur um stórbrotna og fjölbreytta náttúru að Fjallabaki.

Í ritinu er einnig að finna nokkrar fleiri gönguleiðir út frá

helstu áningastöðum á Dalastíg, einkum í nágrenni Dalakofa og skálans á Hungurfit. Þá er lýst tveggja daga leið sem kallast Miðvegur frá Fossi á Rangárvöllum í Hvanngil eða Álftavatn með Hungurfit sem áningastað. Loks er lýst tveggja daga göngu frá Hafrafelli á Rangárvöllum upp að Tindfjallajökli og þaðan niður að Markarfljóti með Tindfjallasel sem áningastað. Dalastígur að Fjallabaki er kominn í sölu á skrifstofu FÍ og í vefverslun FÍ.



VILTU VINNA MEÐ OKKUR?

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á Skalla? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á SKALLA SELFOSSI

Vantar

- Á fastavaktir
- Í aukavinnu
- Í framtíðarstarf

Hæfniskröfur

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Þarf að geta hafið störf strax

Skalli

Sá svalasti í bænum

Upplýsingar á staðnum: Skalli Austurvegi 46, Selfossi, sími: 483 1111.

ÉG VIL VINNA MEÐ ÞÉR

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á KFC? Hefurðu áhuga á að vinna fyrir eina stærstu skyndibitakeðju heims og eiga möguleika á að vinna þig upp og þróast í starfi? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á KFC SELFOSSI

Við leitum að skipulögðum og framtakssömum einstaklingum á vaktir 2-2-3 eða í 100% starf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Starfssvið:


Þjónusta við viðskiptavini, þökkun og afgreiðsla á mat, þrif, undirbúningur á morgnana og frágangur á kvöldin.

Hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Reynsla af veitingaþjónustu
- Þarf að geta hafið störf strax

Hefur þú áhuga að slást í hópinn? Fylltu út umsóknarformið á www.kfc.is/atvinna
Fyrirspurnir um störf sendist á barbara@kfc.is
Upplýsingar á staðnum: Sandra, Kfc Selfoss, sími: 570 6743

KFC®



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bírfreidaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bírfreida og
almennar bílavíðgerðir.

Hjólástíllingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bírfreida- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyragví 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

**Krani
&
tæki**

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 8.
ágúst kl. 11. Kirkjukórinn
syngur, organisti Ester
Ólafsdóttir, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta í Skálholts-
dómkirkju sunnudaginn 8. ágúst
kl. 11. Sr. Axel A Njarðvík
annast prestsþjónustuna.
Veitingarhúsið Skálholt er opið í
hádeginu, sem og alla daga.
Verið velkomin.

Útimessa í Arnarbæli
Sunnudaginn 8. ágúst í Ölfusi
kl. 14. Kirkjukór Hveragerðis -
og Kotstrandarsókna leiðir
söng, organisti Ester Ólafsdóttir,
prestur sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir. Messukaffi á
eftir. Ef veðrið bregst flyst guðs-
þjónustan inn í Kotstrandar-
kirkju.

TIL LEIGU

LAUGARVATN
Til leigu stúdíóbúð á Laugar-
vatni. Leigist með helstu
nauðsynjum, ágæt eldhús-
aðstaða, uppþvottavél,
þvottavél og rúm. Nánari uppl.
vilborg100@gmail.com.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

HÚSNÆÐI ÓSKAST
Óska eftir herbergi til leigu í
Árborg eða Hveragerði. Uppl. í
síma 846 9340

BÍLSKÚRSSALA

**Bílskúrssala
Blöku**
Bílskúrssala Blöku fer fram í
Vallholti 7 á Selfossi
laugardaginn 7. ágúst
frá kl. 13 - 16.

ÚTBOD

Þjónusta iðnaðarfólks

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið
þjónusta iðnaðarfólks í Árborg í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða rammasamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til
með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólki Árborgar. Útboði er
skipt upp í átta mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá
og með 30. júní 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er 16. 08. 2021 kl. 13:00.

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/42aeb363-0610-4ead-a581-42f02284928d>
Notkunarleiddbeiningar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram
í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um.
Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending
ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á
að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Við skreppum í þetta
annað slagið

Gunndís Sigurðardóttir og Hrefna Kristinsdóttir stóðu í ströngu við að
snyrta í kringum Pálmatrésblokkirnar ásamt fleirum. Einstök samstaða er í
blokkunum enda ber umhverfið þess merki.

Það þótti blaðamanni ekki
trúlegt þegar stöllurnar
Gunndís Sigurðardóttir og
Hrefna Kristinsdóttir sögðust
skreppa út tvisvar yfir sumarið
til að dytta að garðinum
kringum Pálmatrésblokkirnar
við Austurveg. Garðurinn
við blokkirnar og reyndar
umhverfið allt hefur verið

margróað af bæjarbúum fyrir
staka snyrtimennsku. Íbúarnir
eru samheldnir með það að halda
garðinum við, en í blíðunni í
síðustu viku voru fjórar konur
að snyrta til og hreinsa. „Við
kannski sleppum slættinum,
látum karlana um það, en annað
svona grípum við í, segja þær
brosandi.“
-gpp

Útimessa í Arnarbæli í Ölfusi

Sunnudaginn 8. ágúst kl. 14
Sverður útimessa í Arnarbæli
í Ölfusi. Kirkjukór Hveragerðis-
og Kotstrandarsókna leiðir
söng undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur. Prestur sr. Ninna
Sif Svavarsdóttir. Messukaffi
að guðsþjónustu lokinni.

Arnarbæli er fornfrægur
kirkjustaður við Ölfusá og
prestsetur frá því um 1200
og til 1909. Ekið er um
Arnarbælisveg, nr. 375, sem
er fyrsti afleggjari af þjóðvegi



nr. 1, skammt fyrir austan
Kotstrandarkirkju og greinilega
merktur: Arnarbæli. Ef veðrið
bregst flyst guðsþjónustan inn í
Kotstrandarkirkju.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Glæsilegt húsnæði Grunnskólans í Hveragerði bíður eftir nemendum

Húsið er hannað af dr. Magga, sem hefur haft hönnun skólahúsnæðis í Hveragerði í höndum sínum. Nú er húsnæðið klárt og búið er að opna það, þó ekki komi nemendur fyrr en í haust. Í samtali við Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðisbæjar kemur fram að bygging húsnæðisins hafi gengið vel. „Við vorum einstaklega heppin með verkataka, hönnuði og annað sem þarf til að koma að byggingum sem þessum á legg. Verkefnið var á áætlun og hefur gengið algerlega snurðulaust fyrir sig.“

Metnaður í að ganga vel frá umhverfinu kringum skólann
Samkvæmt Aldísi var lögð á það áhersla að tengja skólann við Lystigarðinn og mikil vinna var lögð í að vanda til verka við að ganga frá umhverfinu eftir að framkvæmdum lauk. „Það var mikið kappsmál og metnaður lagður í að ganga frá umhverfinu á sem bestan og fallegastan

máta. Að tengingin við Lystigarðinn fengi að njóta sín og að lóðin sem slík yrði fullfrágengin þegar skóli hæfist.“ Eins og sjá má á myndinni fellur byggingin vel inn í umhverfið og nýtur sín vel.

Heilmikil og kærkomin viðbót við skólann
„Það var auðvitað farið að þrengja að í skólanum þannig

að tímabært var að ráðast í þessa framkvæmd. Þarna verða alls 6 stofur ásamt fjölnotarýmum milli stofa. Þá verður miðrymi sem mun nýtast vel í starfsemi. Ég held að nemendur og starfsfólk sé spennt að mæta í skólann með haustinu og sjá nýju bygginguna og nýta þá auknu kosti sem hún hefur í för með sér,“ segir Aldís að lokum.

-gpp



Sundlaugin í Laugaskarði laðar að gesti sem aldrei fyrr

Eins og margir vita var Sundlaugin í Laugaskarði lokuð í drjúgan tíma vegna endurbóta. Allt tekur enda og laugin opnaði að nýju þann 19. júlí sl. Fólk er almennt ánægt með breytingarnar og Hvergerðingar sem aðrir gestir verið duglegir að nýta sér lagina. Í samtali við Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerði kemur fram að verkið hafi tafist, en það sé á margan hátt skiljanlegt þegar um svona endurbætur á gömlu húsnæði er að ræða. „Það kom margt í ljós sem ekki var búið að gera ráð fyrir og það þurfti að bregðast við því. Við vildum frekar taka þann tíma sem þurfti og vanda til verka. Með þessum endurbótum er búið að ljúka endurbótum sem bráðnaðsýnlegar voru orðnar. Með þessu er svo stigið stórt skref í uppbyggingu í Laugaskarði sem er ein af perlum Hvergerðisbæjar,“ segir Aldís.

Áframhaldandi endurbætur í farvatninu
Við ræðum um sundlaugarsvæðið og aðdráttaraflíð sem laugin hefur haft, ekki bara fyrir Hvergerðinga en laugin hefur ítrekað verið valin sem ein fallegasta og besta sundlaug landsins. „Það er framtíðarmúsikin að halda uppbyggingu á svæðinu áfram.

Hér þarf að bæta við bílastæðum og færa þau aðgengismál í betra horf. Þá þarf að fara í sundlaugarsvæðið sjálft og pottasvæðið með það í huga að gera bragarbót á því. Svæðið er einstakt og við í Hveragerði ætlum að gera það enn fallegra þegar fram í sækir,“ segir Aldís að lokum.

-gpp



Kvennaferð um Laugaveginnn tókst vel

Ferðafélag Íslands stóð fyrir kvennaferð um Laugaveginnn 2. - 4. júlí sl. „Þetta var frábær ferð sem tókst mjög vel í alla staði með 40 flottum konum,“ sagði Kolbrún Björnsdóttir fararstjóri í ferðinni. Með Kollu voru Þóra Jóhanna Hjaltadóttir og Dögg Ármannsdóttir fararstjórar. Kolla segir að aðstæður hafi verið góðar á gönguleiðinni og hún er þegar lögð af stað í aðra ferð um Laugaveginnn og nú með Ferðafélagi barnanna.



Alþjóðadagur landvarða haldinn hátíðlegur á Íslandi



Alþjóðadagur landvarða er haldinn hátíðlegur um allan heim 31. júlí ár hvert til að styðja við ómetanleg störf landvarða við að vernda villta náttúru og dýralíf sem á undir högg að sækja allsstaðar í heiminum. Að sjálfsögðu var hann haldinn hátíðlegur á Íslandi liðna helgi. Landvarðadagurinn er fyrst og fremst til að minnst þeirra fjölmörgu landvarða sem hafa látist eða slasast við skyldustörf. Alþjóðasamtök landvarða halda utan um fjölda þeirra sem hafa látist og árið 2020 létust að minnsta kosti 120 landverðir við störf sem snúa að verndun náttúru og dýralífs. Flestir þeirra eru frá Afríku og Asíu þar sem landverðir eiga m.a. í stríði við veiðipjófa og skógarhöggsmenn. Þessi dagur er einnig haldinn hátíðlegur til að fagna störfum landvarða

sem leggja sig alla fram við að vernda náttúru- og menningarleg verðmæti heimsins. Á Íslandi starfa landverðir á náttúruverndarsvæðum og hefur þeim fjölgað á undanförunum árum samhliða fjölgun friðlýstra náttúruverndarsvæða. Í ár starfa hjá Umhverfisstofnun um 60 landverðir, flestir frá vori fram á haust. Landverðir standa fyrst og fremst vörð um náttúru landsins en einnig fræða og upplýsa fólk um hvernig eigi að njóta gæða móður náttúru án þess að raska auðlindum hennar svo næstu kynslóðir fái einnig notið þess. Landverðir Íslands fögnuðu deginum víða um land laugardaginn 31. júlí sl. og buðu gestum náttúruverndarsvæða að kynna sér störf landvarða og náttúru og sögu svæðanna.

Söguslóð innan Víkur í Mýrdal

Mýrdalshreppur fékk fyrir nokkru styrk til að setja upp söguslóð (Cultural Walk) innan Víkur. Markmið verkefnisins er að kynna fyrir gestum sögu Víkur og hvetja til þess að þeir fari fótgangandi um bæinn. Nú er um að gera að drífa sig af stað og heimsækja Vík og ganga um söguslóðirnar.

setja upp falleg sorpskýli á áningarstöðum við fjöruna sem falla vel inn í umhverfið. Marek Rutkowski starfsmaður áhaldahússins sá um smíði húsanna, en þau þykja vel heppnuð. Það ætti að auðvelda allt aðgengi fyrir ferðafólk að koma frá sér sorpi, þannig að það endi síður úti í náttúrunni þar sem það á síst heima.

Umhverfismálin styrkt samhliða
Hluti af þessu verkefni var að



Sjöundi bekkurinn slær í gegn í vinnuskólanum í Árborg



Hressir krakkar að snyrta kringum Grænumörkina á Selfossi. Þau stilltu sér upp þegar blaðamaður bar að garði.

„Þegar ég var ungur þá...“ er setning sem gjarna heyrist þegar rætt er um unglinga sem sinna vinnuskólanum og af því látið að allt hafi nú verið betur gert eða unnið í den. Slíkar tröllasögur hafa verið á bak aftur brotnar í ár því unglingarnir í vinnuskólanum hafa staðið sig með eindæmum vel, og blaðinu borist frásagnir frá ánægðum íbúum oftar en einu sinni. Þá er sérstaklega tekið eftir því að sjöundi bekkurinn, hafi staðið sig með þrýði nú síðsumars. Það var ákveðið á fundum stjórnenda sveitarfélagsins að ráða þau til vinnu í sumar, en mikil ánægja var með framtakið bæði hjá börnum og foreldrum. Blaðið sló á þráðinn til Guðmundu Bergsdóttur, staðgengils skólastjóra Vinnuskólans í Árborg og bar málið undir hana.

Áhugahvetjandi aðferðir skila góðu starfi

„Við notum áhugahvetjandi aðferðir í vinnu með unglingum. Okkur finnst að það hafi skilað þeim árangri sem nú má sjá víða um bæinn. Verkefni hafa þó fyrst og fremst beinst að hreinsun á grænum svæðum og malargöngustígum, en sveitarfélagið er með vélbúnað til að hreinsa gangstéttir og götur,“

segir Guðmundu. Aðspurð um sjöunda bekkinn segir hún að vissulega geti hún tekið undir þetta því þau hafi hreinlega verið til fyrirmyndar. Vinnusöm, mæta vel og skila drjúgu dagsverki.

Eitthvað fyrir alla krakka

Það er á Guðmundu að heyra að mikið sé lagt upp úr að finna öllum farveg innan vinnuskólans. „Já, það er mikilvægt að geta mætt ólíkum þörfum. Þetta sumarið vorum við að prófa okkur áfram með skapandi sumarstörf og var einn hópur á hvoru tímabili sem vann að hinum ýmsu verkefnum. Máluð voru hin ýmsu listaverk bæði innandyr og utandyra í Zelsíuz, en áhugasamir geta komið og skoðað útlitaverkið eftir krakkana sem er utan á húsinu. Þá voru framleidd hlaðvörp, tónlistaratriði og sketsapáttur eru á meðal verkefna skapandi sumarstarfa.“ Það er augljóst mál að þó að skóflan og hakin hafi verið málið þegar þeir eldri voru yngri þá hafi tæknin rutt sér til rúms og pláss og tækifæri til að skapa á öðrum sviðum, sem skiptir máli að kunna í nútíma samfélagi.

Jafningjafræðsla og vel undirbúnir flokkstjórar

Guðmundu vill jafnframt koma

því á framfæri að flokkstjórar hafi staðið sig með þrýði. Þá hafi verið mikið lagt upp úr því að þeir hafi notið stuðnings, fengið ítarlega fræðslu og þannig stuðlað að vellíðan nemendanna. „Þetta skilar sér í mörgum þáttum en við leggjum t.d. mikið upp úr hópaskiptingunni og að unglingunum líði vel í vinnunni. Mikið af nýjum vináttusamböndum hafa myndast meðal unglinga í vinnuskólanum,“ segir Guðmundu. Í vinnuskólanum læra börnin jafnt á lífið sem á vinnuna, enda margt sem þarf að spyrja um og ræða á þessum aldri. „Við fengum jafningjafræðslu Suðurlands í heimsókn á bæði tímabil vinnuskólans. Fræðslan hjá þeim fyrir 8. og 10. bekk fór fram í salnum í Grænumörk 5. Þar hittu þau hópana og fóru með þá í hópefli og ræddu við þau um málefni sem brenna á unglingum líkt og kynlíf, vímuefni, tjáning á tilfinningum o.fl. Unglingarnir voru ekkert smá flottir og voru alveg með á nótunum. Í þessari viku er jafningjafræðslan að hitta 7. og 9. bekk í Zelsíuz,“ segir Guðmundu að lokum. -gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Jiibbiíi
Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.


Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



FYLGDI
Útfararþjónusta



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!
BYKO Selfossi

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Frest um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

Hjólbarðarþjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhbokhald@gmail.com
s. 6933708